

febrúar 2011

menning

[SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM MENNINGU OG LISTIR]

Aftur rukkað inn

Búist er við fækkun gesta á Listasafni Reykjavíkur á þessu ári miðað við í fyrra.

SÍÐA 2



Sýning sýninganna

Framlag Íslands á Fenejvatváeringnum er í brennidepli á sýningu á Kjarvalsstöðum. SÍÐA 6

YFIR 10.000 EINSTAKLINGAR

hafa nýtt sér legugreininguna frá okkur og fengið rúm sérsníðið að þeirra þörfum. Komdu og prófaðu og við gerum þér tilboð í heilsurúm sem hentar þér!



Smíðjuvegi 2 • Kópavogi • Sími 544 2121
Opíð virka daga frá kl. 10-18
og laugardaga kl. 11-16 • www.rumgott.is



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

SAMFÉLAGIÐ ER SJALDAN SÝNT ÓSTÍLISERAÐ

Haukur Már Helgason, heimspekingur og rithöfundur, er langt kominn með heimildarmynd um mál nímenn- inga svonefndu, sem ákærðir eru fyrir árás á Alþingi. Myndin fjallar ekki síður um þá hlið samfélagsins sem sjaldan er sýnd. „Myndin af lífi okkar hérna er frekar sjaldgæf.“

FRAMHALD Á SÍÐU 4



HITAKÚTAR OG OFNAR MEÐ 15% AFSLÆTTI

Vönduð vara, gott úrval,
áratuga reynsla.



Norskir ryðfriir
hitakútar

Stærðir: 5-300 lítrar




Ólíufylltir
rafmagnsofnar

Stærðir: 250W-2000W



Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is



Þóra Einarsdóttir syngur í Garðabæ

Þóra Einarsdóttir sópran er í aðalhlutverki á fyrstu tónleikum menningar- og safnanefndar Garðabæjar á þessu ári. Hún kemur fram ásamt Gerrit Schuil píanóleikara sem einnig er listrænn stjórnandi tónleikaraðarinnar sem hófst síðastliðið haust. Á efnisskránni eru verk eftir Gabriel Fauré, Jón Ásgeirsson, Tsjaikovski, Nikolái Rímski-Korsakov og Rakhmaninov.



Þóra Einarsdóttir.

Þóra Einarsdóttir er ein fremsta sópran-söngkona Íslands. Hér heima er skemmst að minnst frammistöðu hennar í hlutverki Gildu í Rigoletto sem hún hlaut mikið lof gagnrýnenda fyrir. Fyrir utan óperusöng hefur Þóra alla tíð lagt mikla rækt við ljóðasöng. Á undangengnum tuttugu árum hefur hún ávallt leitast við að takast á við ný viðfangsefni og spannar nú verkefnalisti hennar á sviði ljóðasöngs ógrynni ljóða á fjölda tungumála. Gerrit Schuil hefur hald-

id fjölda tónleika hér á landi síðan hann settist hér að í upphafi tíunda áratugarins.

Tónleikarnir eru haldnir á morgun og hefjast klukkan 16. Þeir fara fram í safnaðarheimili Vídalínskirkju í Garðabæ.



Gestir á sýningunni Án áfangastaðar í Hafnarhúsinu í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Uppfærslan á Ofviðrinu hefur vakið athygli í Litháen, föðurlandi leikstjórans Oskaras Koršunovas.

Ofviðrið blæs út

Borgarleikhúsinu hefur verið boðið að sýna Ofviðrið í Þjóðleikhúsi Litháens á alþjóðlegri leiklistarhátíð í Vilnús í september næstkomandi.

Þjóðleikhúsið Litháens er stærsta leikhúsi landsins. Leikstjóri Ofviðrisins, Oskaras Koršunovas, er Lithái en á dögnum fékk sýningin góða dóma í Lietuvos rytas, stærsta dagblaði Litháens.

„Við erum afar þakklát og upp með okkur yfir þessu boði, sem er mikil viðurkenning fyrir sýninguna og leikhúsið okkar,“ segir Magnús Geir Þórðarson, leikhússtjóri Borgarleikhússins.

„Sýningin er stór og viðamikil í sniðum en vonandi tekst okkur þrátt fyrir það að koma ferðinni inn í dagskrá leikhússins næsta haust og þökkjast þetta góða boð.“

Ofviðrið verður einnig á aðaldagskrá alþjóðlegru leiklistarhátíðarinnar Sirenos á vegum Borgarleikhússins í Vilnús. Þar eru sýnd þau litháisku verk sem skarað hafa fram úr á leikárinu auk örfárra erlendra sýninga sem þykja sæta tíðindum.

menning kemur út mánaðarlega með laugardagsblaði Fréttablaðsins. **Ritstjórn:** Bergsteinn Sigurðsson **Hönnun:** Kristín Agnarsdóttir **Forsíðumynd:** Valgarður Gíslason **Auglýsingar:** Bjarni Þór Sigurðsson bjarnithor@365.is

Búast verður við FÆKKUN SAFNGESTA

Búist er við 40 prósentu fækkun gesta á stofnanir sem tilheyra Listasafni Reykjavíkur í ár miðað við í fyrra eftir að aðgangseyrir var tekinn upp aftur. Fyrir þá sem fara oftar en fjórum sinnum á ári á safn borgar sig að kaupa Menningarkort.

SÖFN: SIGRÍÐUR BJÖRG TÓMASDÓTTIR

Víð gerum ráð fyrir því að gestum á Listasafn Reykjavíkur muni fækka eftir að tekið verður að innheimta aðgangseyri, en við vonumst jafnframt til að Menningarkortið komi til móts við þá sem vilja geta labbað inn og skoðað sýningar safnanna reglulega án þess að greiða aðgangseyri í hvert einasta skipti,“ segir Soffía Karlsdóttir, kynningarstjóri Listasafns Reykjavíkur. Áætlanir Reykjavíkurborgar gera raunar ráð fyrir að gestum safnsins fækki um 40 prósent miðað við árið í fyrra. Þá komu 235.000 gestir í þau þrjú söfn sem heyra undir Listasafn Reykjavíkur, Hafnarhúsið, Kjarvalsstaði og Ásmundarsafn en búist er við 140.000 gestum í ár.

Ákvörðunin um að hafa ókeypis inn á söfnin var tekin 2007 og tók gildi 2008. Gestum fjölgaði strax, árið 2008 sóttu ríflega 180 þúsund gestir safnið og 220 þúsund

ári síðar. Árið 2007 voru þeir hins vegar um 130 þúsund, í námunda við það sem búist er við í ár.

Soffía segir að á sínum tíma hafi alltaf verið rætt um að aðgangurinn yrði gefinn frjálts tímabundið. „Það var góðæri og uppsveifla og bæði borgin og safnið treystu sér til þess að verða af tekjunum. Nú er önnur tíð og við verðum aftur að krefja fólk um aðgangseyri,“ segir Soffía sem vonast til að fólk taki breytingunum vel. „Þess má geta að útlendingar verða alltaf hissa þegar þeir komast að því að það kostar ekkert inn á söfnin, þeir vilja mjög gjarnan leggja sitt af mörkunum og greiða aðgangseyri,“ segir Soffía.

Til að koma til móts við gesti sem fara reglulega á söfn hefur Reykjavíkurborg búið til sérstakt Menningarkort, en það gildir inn á áður nefnd söfn auk Minjasafns Reykjavíkur sem eru Árbæjarsafn og Landnámssýningin. Handhafar þess fá auk þess bókasafnskort

fyrir Borgarbókasafnið. Kort-ið kostar 5.000 krónur og gildir í ár, en í febrúar fást tvö á verði eins. Þeir sem eiga bókasafnsskírteini keypt í nóvember eða síðar fá einnig 1.000 króna afslátt af kortinu.

Framvegis kostar 1.000 krónur inn á söfnin sem um ræðir þannig að fjárfesting í kortinu borgar sig fyrir þá sem fara fimm sinnum eða oftar á þessi söfn á ári. Fyrir þá sem nota bókasöfnin er nóg að fara þrisvar á ári í söfn Reykjavíkur til að kortaeygnin borgi sig.

Einnig er hægt að kaupa Menningarkort einungis á Listasafn Reykjavíkur á 3.000 krónur og á Minjasafn Reykjavíkur á 2.000 krónur. Margir hafa vanið komur sínar á kaffiteriur listasafnanna. Soffía segir að enginn aðgangseyrir verði rukkaður inn fyrir kaffistofugestina. „Og svo er ókeypis fyrir átján ára og yngri á söfnin og eldri borgara sömuleiðis.“

HAKADU VIÐ RÉTTA SVARID:

HETJA

SKÚRKUR

CHELSEA – LIVERPOOL

Á MORGUN KL. 15:30

ego dekor

-20%

Skenkur
Breidd: 150cm
Verð: 129.900,-
ÚTSÖLUVERÐ:
103.920,-

Stækkanlegt hnotuborð
160(248)x100
Verð: 139.900,-
ÚTSÖLUVERÐ:
97.930,-



-30%

-20%



Skenkur í hnotu
Breidd: 150cm
Verð: 119.000,-
ÚTSÖLUVERÐ:
95.200,-

Borð í hnotu
180x100
Verð: 99.900,-
ÚTSÖLUVERÐ:
69.930,-

-30%

TV skenkur
í hnotu
Breidd: 183cm
Verð: 99.900,-
ÚTSÖLUVERÐ:
79.920,-

-20%



Sófaborð
Stærð: 120x60
Verð: 49.900,-
ÚTSÖLUVERÐ:
24.950,-

-50%

Stærð: 50x50
Verð: 32.900,-
ÚTSÖLUVERÐ:
16.450,-



ÚTSALAN
Í FULLUM GANGI

20-50% AFSLÁTTUR


VERONICA
TUNGUSÓFI
Stærð: 260x165
Verð: 236.000,-
ÚTSÖLUVERÐ:
177.000,-



-25%

SWING
SÓFASETT
3ja sæta
Stærð: 210cm
Verð: 149.000,-
ÚTSÖLUVERÐ:
104.300,-

2,5 sæta
Stærð: 180cm
Verð: 135.000,-
ÚTSÖLUVERÐ:
94.500,-



-30%

-30%



YASAM
tungusófi
Stærð: 212x157
Verð: 169.900,-
ÚTSÖLUVERÐ:
118.930,-

-25%



AIR tungusófi
Stærð: 285x165
Verð: 245.000,-
ÚTSÖLUVERÐ:
183.750,-

PALMA 4ra sæta leðursófi
Stærð: 280cm
Verð: 237.000,-
ÚTSÖLUVERÐ:
165.900,-

-30%




-25%



RENO leðurstóll
Verð: 16.900,-
ÚTSÖLUVERÐ:
12.675,-

-25%



VIOLA stóll
Verð: 18.900,-
ÚTSÖLUVERÐ:
14.175,-

-30%



MOSS leðurstóll
Verð: 16.900,-
ÚTSÖLUVERÐ:
11.830,-

Opið mán-fös: 10.00-18.00
Opið um helgina: lau: 10.00-16.00 - sun: 13.00-16.00

Ego Dekor - Bæjarlind 12
S: 544 4420 - www.egodekor.is

NINGS
Suðurlandsbraut 6
NINGS
Stórhöfða 17 við Gullinbrú
NINGS
Hlíðasmára 12 Kópavogi
Sími 588 9899
www.nings.is

FRAMHALD AF FORSIÐU

Haukur Már Helgason segir slaginn hafa einungis snúist um að vekja athygli á staðreyndum, gera málið sýnilegt. Og þannig hefur viðhorfið breyst, viðhorf sem í upphafi einkenndist af bláköldum fordómum.



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

UMBOÐSSALAN
KORPUTORGI
MIKIÐ ÚRVAL AF NÝJUM OG NOTUÐUM, HÚSGÖGNUM, HEIMILIS-TÆKJUM, HLJÓMTÆKJUM, TÓMSTUNDAVÖRUM OG SVO FRV.



KORPUTORG
Umboðssalan
Símar: 867 0157 og 867 0177
Opíð alla virka daga frá 12-18:30
Laugardaga frá 12-18
Sunnudaga frá 13-17
www.umbodssalan.is

Í fyrsta lagi er málið merki-legt," segir Haukur Már Helgason, spurður hvers vegna hann hafi ráðist í að gera heimildarmynd um mál níumenningana sem ákærðir eru fyrir árás á Alþingi. Þetta er mjög sögulegt mál sem hefur skírskotanir sem ná miklu víðar en til okkar tíma. Það speglar atburðina rétt fyrir komu hersins, 1949, þegar mál var höfðað gegn mótmælendum á grunni sömu laga. Þetta eru tveir tímamóttar sem marka upphaf og endi tímabils sem er fyrsta söguskeið lýðveldisins Íslands.

Herinn er kannski miklu mikilvægari í þessu samhengi en við höfum gefið gaum að, bæði efna-hagslega og vegna tengslanna við Bandaríkin. Tveimur árum fyrir komu hersins eru fjöldamótmæli þar sem beitt er táragsi og fólk er ákært fyrir árás á Alþingi. Í 60 ár gerist ekkert viðlíka, engin fjöldamótmæli eða átök milli almennings og ríkis af svipaðri stærðargráðu.

Tveimur árum eftir að herinn fer, þá hrynur hins vegar landið. Fyrsta virka dag eftir að Bandaríkin láta yta að þau ætla ekki að hjálpa Íslandi, fellur fyrsti bankinn og fjöldamótmæli brjótast út. Í kjölfarið er höfðað mál á sömu forsendum og þá, gegn fólkum sem, eins og einhver skrifaði á dögnum, kannski vann sér það helst til saka að hafa hugsað og lesið sig lengra í því sem var að gerast en almennungur hafði gert á þeim tíma. Það er merkilegur tímamóttar til að negla og heimild til að varðveita.

Í öðru lagi er ég í þeirri stöðu, hafandi lesið að einhverju leyti sömu bækur og sumir níumenninganna og tekið þátt í hliðstæðri baráttu, að njóta ekki aðeins ákveðins trausts þeirra heldur hafa aðgang að orðaforða og hugsunum til að vera fær um að taka viðtal við þau. Þá meina ég um gagnrýni þeirra en ekki einkalíf eða „mennsku hliðina“. Þetta viðfangsefni er þannig séð sérsníðið fyrir mig. Ef ég myndi ekki gera þessa mynd sýndist mér ólíklegt að nokkur annar gerði það.

Ómynduð borg

Haukur Már nam kvikmyndagerð í Prag á sínum tíma. Eftir að hafa gert nokkrar, að eigin sögn, misgóðar stuttmyndir lagði hann kvikmyndagerð á hilluna í nokkur ár og helgaði sig ritstörfum. Í kringum hrun hóf Haukur útgáfu vefmiðilsins Nei og fór samtímis að taka ljósmyndir.

„Það sem blasti við var ósýnd, ómynduð borg,“ segir hann. „Allt í einu rann upp fyrir mér að raunveruleiki þessa samfélags hafði ekki birst óstfliseraður í kannski 20 ár. Menn hafa verið svo uppteknir af,

ef ekki landkyrningu þá markaðs-væðingu á einhverju; að gljáfægja raunveruleikann - jafnvel með realískum trixum, eins og 66° Norður gerir í sínum auglýsingum. Það er hægt að gera hrörleikann svaka sjarmerandi. En að sýna veruleikann sem blasir við okkur frá degi til dags er varla gert. Myndin af lífi okkar hérna er frekar sjaldgæf.“

Það hafi meðal annars ráðið því að hann ákvað að gera mynd um málið frekar en að skrifa bók.

„Auðvitað væri hægt að skrifa áhugaverða bók um þessi málaferli. En myndin fjallar ekki um málaferlin ein og sér. Hún fjallar um þetta fólk sem gagnrýnar, hugsandi og innbyrðis ólíkar persónur. Og um leið reynir hún að birta það land sem þau eru að gagnrýna.“

Eitt af einkennum þessa samfélags segir Haukur vera að útmála þá sem andæfa sem jaðarhópa.

„Þegar málið er fyrst tekið til umfjöllunar í fjölmiðlum og á blogg-síðum er þessi hópur til dæmis fullkomlega jaðraður, ekki bara sem kynlegir kvistir heldur glæpalyð-

Ég held að þetta geti verið vísir að ákveðnu pólitísku þroskaskrefi; að stökkva síður á að trúa fyrstu frásögn fréttamiðla af því sem gerist. Þetta er dálítið dómaglatt samfélag sem langar oft að loka málum jafn hratt og þau koma fram og er náttúrulega að ganga í gegnum svakalega stórt ferli akkúrat núna – vonandi í átt að pólitískum þroska.“

En er þetta endilega til marks um þroskað samræðusamfélag, frekar en að níumenningarnir eigi sér ötu la stuðningsmenn sem hafi verið duglegir við að tala málstað þeirra?

„Í umhverfi jafn lélegra fjölmiðla og á Íslandi, held ég að margir upplifi það að þeir verði að taka slaginn í einhverjum skilningi. Það er ekki bara kranablaðamennska sem er vandinn, heldur hreinlega gagn-ger illvilji á sumum fjölmiðla, sem beita sér hatrammlega pólitískt í þágu afla sem ég er ekki hrifinn af og sem ég held að gott fólk sé almennt ekki hrifið af. Í þessu umhverfi getur vissulega þurft að taka slaginn.“

„Allt í einu rann upp fyrir mér að raunveruleiki þessa samfélags hafði ekki birst óstfliseraður í kannski 20 ár.“

ur. Þar einfaldlega vissi ég betur, hvað varðaði þessa lyndiseinkunn sem þeim var gefin. Allt frá því að fyrst fór að bera á mótmælum hérna hefur verið leitað leiða til að gera þau merkingarlaus. Til dæmis með því að þátttakendur séu „athyglis-sjúkri krakkabjárnar“. Tilfellið er hins vegar að þau sem ég þekkti þá úr hópi þessara níu, virtust í fyrsta lagi betur að sér um það sem var að gerast en margir og í öðru lagi hugrakkari, að því leyti að þora að svara því með einhverjum hætti. Þess vegna fannst mér að burtséð frá málaferlunum sem slíkum og lagatæknilegum atriðum, þá væru þarna ákveðin tíðindi sem kvikmynd gæti fært fram, með því að reyna að birta þessar persónur og hugsun þeirra.“

Skref í átt að pólitískum þroska

Á þeim tíma sem liðinn er síðan níumenningarnir voru kærðir hefur verið fjallað mjuvikið um þetta mál og almenningsálitid færst Níumenningunum í hag. Það sætir ákveðnum tíðindum að mati Hauks Más.

„Á innan við ári, eftir því sem það beindist meiri athygli að málinu og fleiri staðreyndir komu í ljós þá snerist almenningsálitid um 180 gráður. Það virðist heldur ekki vera neinn pólitískur vilji af hálfu ráðandi afla að fylgja málinu eftir.“

Það var virkur hópur í því að beina athygli að málinu sem er bryn þörf á í réttlætisbaráttu en ég hef ekki orðið var við að sá hópur hafi haft rangt við eða beitt einhverjum bellibrögðum. Slagurinn hefur einungis snúist um að vekja athygli á staðreyndum. Gera málið sýnilegt. Og þannig hefur viðhorfið breyst, viðhorf sem í upphafi einkenndist af bláköldum fordómum.“

Mildur sektardómur versta útkoman

Málsmeðferð í máli níumenninganna er lokið og er beðið eftir dóms-uppkvaðningu. Haukur Már segir að miðað við málflytninginn í dóms-sal hníga öll rök að sýknu.

„En ég hef áður fylgst með réttarhöldum þar sem mér finnst öll rök hníga í eina átt en dómur fellur í aðra. Ég held að erfiðasta niðurstaðan fyrir þetta samfélag væri sú að það félli mildur sektardómur: ef þau væru dæmd sek og viljanum til að gera einfalda mótmælaaðgerð glæpsamlega þannig þóknað, en ekki með þeim hætti að það kallaði á sterka andspyrnu. Málið yrði skilið eftir dinglandi í lausu lofti sem hvorki né. Það væri pólitískt séð erfiðasta staðan fyrir þetta samfélag sem þarf að geta verið heilla en svo í þeim skilningi að orð og gjörðir fylgja. Sýkna væri eini dómurinn sem þetta samfélag gæti staðið stolt á bakvið.“

FRÉTTIR VÍÐSKIPTI ÍPRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

MEIRI HALLDÓR BALDURSSON
Deildu Vísir með öðrum. Þeir sem setja „like“ við Vísir á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.
Meiri Vísir.
vísir.is
Fáðu Vísir í símann og iPad!



M-SÓFINN íslensk framleiðsla sniðin að þínum þörfum.



Þjóðum það besta í evrópski húsgagnahönnun
og glæsilegt úrval gjafavöru.

MÓDERN

Hlíðasmára 1 / 201 Kópavogur / 534 7777 / www.modern.is
Opið alla virka daga frá 11 - 18 og laugardaga 11-16.



Íslendingar sendu fyrst fulltrúa á Feneyjatvíæringinn árið 1960.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

OPINBERT STEFNUMÓT Á ALÞJÓÐLEGUM VETTIVANGI

Framlag Íslands á Feneyjatvíæringnum undanfarna áratugi er í brennidepli á Sýningu sýninganna sem verður opnuð á Kjarvalsstöðum í dag.

MYNDLIST
HELGA MJÖLL
STEFÁNS-
DÓTTIR

Feyneyjatvíæringurinn (La Biennale di Venezia) er einn stærsti myndlistarviðburður nútímans og hafa 22 af helstu listamönnum Íslands átt verk á sýningunni undanfarin fimmtíu ár.

„Þetta er eina opinbera stefnumót íslenskrar myndlistar á alþjóðlegum vettvangi,“ segir Laufey Helgadóttir, listfræðingur og sýningarstjóri Sýningar sýninganna. „Jóhannes S. Kjarval og Ásmundur Sveinsson voru fyrstu fulltrúar okkar á Feneyjatvíæringnum árið 1960. Árin eftir áttum við ekki alltaf fulltrúa. Á því varð hins vegar breyting árið 1984; síðan þá höfum við ávallt átt fulltrúa á sýningunni.“

Á sýningunni gefst nú í fyrsta skipti tækifæri til að sjá verk íslensku Feneyjafaranna samankomin á einum stað og þá þróun og breytingar sem orðið hafa á þátttökusögu Íslendinga.

„Þetta eru ekki öll verkin sem listamennirnir sýndu. Mörg þeirra voru seld

til erlendra aðila, sum hafa ekki fundist og önnur einfaldlega eyðilagst,“ segir Laufey, en sjálf stýrði hún sýningum Íslendinga á Feneyjatvíæringnum árin 2003 og 2005.

Á fyrstu sýningunum sem Íslendingar tóku þátt í var einkum að finna málverk, ljósmyndir eða sjálfstæð höggmyndaverk. Laufey hefur haft uppi á mörgum þeirra fyrir sýninguna en undanfarin fimmtán ár hefur hins vegar nálgun listamannanna einkenst meira af innsetningum. Með auknum stuðningi hafa sýningarnar orðið svo umfangsmiklar að ekki er hægt að sýna þær á Kjarvalsstöðum nema með ljósmyndum og myndböndum. Laufey segir að þátttaka í Feneyjum snúist ekki aðeins um að gera sig sýnilegan í listheiminum heldur einnig um þjóðarímynd.

Í ár munu þau Libia Castro og Ólafur Ólafsson sýna fyrir Íslands hönd í Feneyjum. Á sunnudag klukkan 15 fjalla þau, ásamt sýningarstjóranum Ellen Blumenstein, um Feneyjatvíæringinn á Kjarvalsstöðum.

www.meiraprof.is

Farðu ekki án réttinda á vinnuvélar til Evrópu, vertu klár í allt, heima sem erlendis

Skjót leið til starfsmenntunar

Réttindanámskeið fyrir stjórnendur vinnuvéla, kláraðu þetta á móðurmálinu ef þú hefur hug á starfi í Evrópu. Hægt er að byrja alla föstudaga kl. 17.30, námið tekur 3 helgar, sjá nánar á heimasíðunni meiraprof.is eða hringdu í síma 588 45 00

NÁMSKEIÐ SEM GEFA RÉTTINDI UM GJÖRVALLA EVRÓPU



ÖLL ÖKURÉTTINDI - ÖLL VINNUVÉLARÉTTINDI

Skapaðu þér þitt eigið góðæri

Námskeið til aukinna ökuréttinda og vinnuvélanámskeiðið gefur aðgang að þúsundum áhugaverðra starfa. Fyrir þá sem ekki eru með umtalsverða framhaldsmenntun er það ekki spurning að afla sér þeirra réttinda sem þessi námskeið veita. Fjöldi fólks með mikla sérmenntun sækir þó þessi námskeið til að eiga möguleika á að komast út frá pappír og tölum og láta til sín taka á sverum truckum og öflugum vinnuvélum, þó ekki sé nema í sumarfríum. Starfsmenn skólans eru með áralanga reynslu í kennslu á þessu sviði og þjálfaðir í að kenna fólki sem að öllu jöfnu hefur skóla ekki efst á vinsældarlistanum. Við starfsmenn skólans kappkostum að flytja hagnýtan fróðleik sem kemur nemendum og vinnuveitendum þeirra (og öllum vegfarendum) að gagni alla daga. Við kennararnir trúum líka á líf fyrir dauðann og leggjum okkur fram um að námið sé ekki bara hagnýtt, heldur einnig skemmtilegt. Ekki biða eftir tíma til að framkvæma þetta sem þú hefur hugsað lengi um, það er annað orð yfir aldrei. Buðu tímann til, stattu með sjálfum þér og byrjaðu strax. Við fögnum því að fá að hitta þig og að fá þannig tækifæri á að auka árangur þinn í lífinu.

NÝI ÖKUSKÓLINN
KLETTAGÓRÐUM 11 (et-húsinu) REYKJAVÍK

ALLAR FREKARI UPPLÝSINGAR Í SÍMA 588 45 00



Að ofan: Rúri. Frá vinstri: Steina Vasulka, Gabriela Friðriksdóttir, og Helgi Þorgils Friðjónsson.



Fulltrúar Íslands á Feneyjatvíæringnum

- 1960 Jóhannes Sveinsson Kjarval og Ásmundur Sveinsson
- 1972 Svavar Guðnason og Þorvaldur Skúlason
- 1976 Sigurður Guðmundsson
- 1978 Sigurður Guðmundsson
- 1980 Magnús Pálsson
- 1982 Jón Gunnar Árnason og Kristján Guðmundsson
- 1984 Kristján Davíðsson
- 1986 Erró
- 1988 Gunnar Örn Gunnarsson
- 1990 Helgi Þorgils Friðjónsson
- 1993 Hreinn Friðfinnsson og Jóhann Eyfells
- 1995 Birgir Andrésón
- 1997 Steina Vasulka
- 1999 Sigurður Árni Sigurðsson
- 2001 Finnbogi Pétursson
- 2003 Rúrí
- 2005 Gabriela Friðriksdóttir
- 2007 Steingrímur Eyfjörð
- 2009 Ragnar Kjartansson
- 2011 Libia Castro og Ólafur Ólafsson



Jóhannes Sveinsson Kjarval.



Svavar Guðnason.

Þau vita hvað þarf til að ná árangri
enda afreksfólk í fremstu röð og vel að sér um næringu og heilsu.

Heilsuréttir Nings

Heilsuréttirnir okkar eru sérstaklega hollir og góðir, fullir af fersku grænmeti, nær fitulausir og án salts og sykurs. Heilsuréttir Nings innihalda mikið af trefjum, hæfilegt magn próteina og góð kolvetni.

Annie Mist
Silfurhafi á heimsleikum
í Crossfitt 2010,
Evrópumeistari í Crossfitt
2009 og 2010 ásamt því
að vera margfaldur
þreknotsmeistari Íslands

Arnaldur Birgir
Framkvæmdastjóri og
eigandi BootCamp
á Íslandi
og keppandi í Sahara
eyðimerkurhlaupi 2011

Ágúst Guðmundsson
Slökkviliðsmaður og
keppandi í Sahara
eyðimerkurhlaupi 2011
ásamt verðandi heimsmeistarar!


Pavel Ermolinski
Einn af bestu
körfuboltamönnum
landsins úr KR

Eva Sveinsdóttir
Margfaldur
Íslandsmeistari
í Icefitness

Hreggviður
Magnússon
Einn af bestu
körfuboltamönnum
landsins úr KR

Rannveig Kramer
Íslandsmeistari
í fitness 2010

Sveinbjörn
Sveinbjörnsson
Margfaldur BootCamp-
og Crossfitt meistari
Íslands
ásamt verðandi
Íslandsmeistarar
í einhverju!



NINGS

og kroppurinn blómstrar

Suðurlandsbr. 6 • Stórhöfða 17 • Hlíðasmára 12
sími 588 9899 • www.nings.is



AÐ TJALDABAKI

Pönkstefnan í verki Það skiptir ekki máli hvað þú getur heldur hvað þú gerir. Svo hljóðuðu einkunnar-orð Purrks Píllnikks um árið þegar pönkið var í algleymingi á Íslandi. Ekki er loku fyrir það skotið

að þessi orð hafi verið höfð til hliðsjónar í borgarstjórn, við útfærslu á niðurskurði til tónlistarskóla í Reykjavík, enda á kjarninn úr Besta flokknum rætur að rekja í pönkhreyfinguna. Tónlistarmenn hafa alltént lýst yfir áhyggjum af því að nái þær hugmyndir fram að ganga bitni það tilfinnanlega á getu þeirra til að iðka fag sitt. Hver á þá að spila í Hörpu? er spurt. Í versta falli ættu borgarfulltrúinn Einar Örn Benediktsson og varaborgarfulltrúinn Sjón að geta troðið upp með lúftgítar.

Stjóri í stjórn Magnús Geir Þórðarson, leikhússtjóri Borgarleikhússins, var á dögnum skipaður í stjórn RÚV. Ekki er deilt um hæfileika Magnúsar á sviðum menningarstjórnunar. Meira álitamál er hins vegar hvort skynsamlegt sé að forstöðumaður einnar stærstu opinberu menningarstofnunar landsins sitji líka í stjórn annarrar opinberrar menningarstofnunar. Í rannsóknarskýrslu Alþingis var meðal annars fjallað um afleiðingar þess þegar völd og áhrif falla á of fáar hendur og var almennt lagst gegn því. Skýrslan var meðal annars lesin upp í heild sinni í Borgarleikhúsinu. - bs



ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA RÚMGOTT ER EINI FRAMLEIÐANDI LANDSINS SEM SÉRSMÍÐAR HEILSURÚM!

YFIR 10.000 EINSTAKLINGAR HAFA NÝTT SÉR LEGUGREININGUNA FRÁ OKKUR OG FENGIÐ RÚM SÉRSMÍÐIÐ AÐ ÞEIRRA ÞÖRFUM KOMDU OG PRÓFAÐU OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ Í HEILSURÚM SEM HENTAR ÞÉR!



30-50% afsláttur á völdum rúmunum

Verðdæmi: 'Queen-size' heilsurúm á 129.000.-

FAGLEG RÁÐGJÖF OG FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM

Rúmgott er eini framleiðandi landsins í svæðaskiptum heilsudýnum

Löggiltir dýnuframleiðendur, starfandi í 60 ár

RúmGott · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121

Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is



HTH SETTU ÞAÐ SAMAN HTH

HAGKVÆMAR LAUSNIR

20% AFSLÁTTUR

Af hverju að borga meira?

ELDHÚSINNRETTINGAR



ÞVOTTAHÚSINNRETTINGAR



BAÐINNRETTINGAR



FATASKÁPAR

TIL Á LAGER

ORMSSON